

12. fundur Foreldraráðs Heilsuleikskólans Kærabæjar, haldinn á Heilsuleikskólanum Kærabæ mánudaginn, 8. júní kl. 17.00.

Mættir eru: Guðrún Sigurðurdóttir leikskólastjóri, María Björg Þorsteinsdóttir, Bjarni Bjarnason, Herdís Huld Guðveigardóttir og Sólveig Ólafsdóttir sem ritar fundargerð.

Dagskrá fundar

1. Skóladagatal Heilsuleikskólans Kærabæjar 2020-2021

Skólastjóri leggur fyrir skóladagatal næsta skólaárs og kynnir fyrir foreldraráði. Búið var að leggja dagatalið fyrir fræðslunefnd sem samþykkti það með fyrirvara um að foreldraráð hefði engar athugasemdir. Engar athugasemdir voru gerðar við dagatal aðrar en að lagt var til að foreldrafundur sem settur er 9. september yrði færður til og settur í lok ágúst eða á tímabilinu 14.-23. september vegna smalamennsku í Tungunni.

2. Önnurmál

Foreldraráði kynnt ný móttökuáætlun leikskólans vegna móttöku nýrra nemenda. Skólastjóri kynnti einnig áætlunina fyrir fræðslunefnd á fræðslunefndarfundi 3. júní sl.

Ekki meira rætt að sinni.

Fundi slitið kl. 18.00